

Fundarnúmer:	531
Dagsetning:	25.02.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

531. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 25. febrúar 2008 kl. 10:00 á skrifstofu sveitarstjóra.

Dagskrá:

1. Bréf Félags smábátaeigenda á Hvammstanga Viðræður við fulltrúa félagsins.
2. Fundargerð stjórnar SSNV frá 12. febrúar sl.
3. Bréf Varasjóðs húsnæðismála.
4. 2. dagskrárliður fundargerðar 77. fundar menningar- og tómstundaráðs.
5. Ráðning íþrótt- og tómstundafulltrúa.
6. Tillögur nefndar sem skipuð var á 15. ársþingi SSNV.

Afgreiðslur:

1. Lagt fram bréf Félags smábátaeigenda á Hvammstanga dags. 15.02.2008. Fyrir hönd félagsins mættu til viðræðna Hreinn Halldórsson og Ágúst Sigurðsson. Tæknideild falið að vinna að útfærslu á bryggjum í smábátahöfn í samráði við Félag smábátaeigenda. Sveitarstjóra falið að sækja um fjárveitingu til verkefnisins vegna ársins 2008.
2. Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 12. febrúar s.l.
3. Lagt fram til kynningar bréf Varasjóðs húsnæðismála dags. 14.02.2008.
4. Lögð fram tillaga menningar- og tómstundaráðs frá fundi 13. febrúar s.l. um mögulegan flutning félagsmiðstöðvarinnar í Félagsheimilið á Hvammstanga. Íþrótt- og tómstundafulltrúa, ásamt menningar- og tómstundaráði falið að gera þarfagreiningu um húsnæðisþörf félagsmiðstöðvarinnar.
5. Ráðning íþrótt- og tómstundafulltrúa. Byggðarráð samþykkir að ráða Svein Benónýsson, ótímabundið sem íþrótt- og tómstundafulltrúa Húnaþings vestra. Heimir Ágústsson situr hjá við þessa afgreiðslu og málið því samþykkt með tveimur atkvæðum. Ennfremur samþykkir byggðarráð að láta gera úttekt á rekstri íþróttamiðstöðvar.
6. Lagðar fram til kynningar tillögur nefndar á vegum SSNV um framtíðarskipan samstarfs sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Samþykkt að taka á dagskrá.

7. Úthlutun íbúðar í Nestúni 2. Ein umsókn liggur fyrir frá Ingibjörgu Guðmundsdóttur Smáragrund 7, Laugarbakka.. Byggðarráð samþykkir að úthluta Ingibjörgu íbúðinni.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:18

Elín R. Líndal(sign.), Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.), Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).